

Anna R. Möller (FSÍ/ÍSÍ/UMFÍ)

Anna Ragnheiður Möller var formaður fimleikadeildar Stjórnunnar um tíma, formaður Stjórnunnar í þrjú ár, í stjórn knattspyrnudeildar og í ritnefnd félagsins. Þá var Anna í stjórn Fimleikasambands Íslands og framkvæmdastjóri þar í um tíu ár. Hún starfaði í Kvennahlaupsnefnd ÍSÍ um langt árabíl. Anna sat í stjórn UMFÍ í tíu ár frá 1997 til 2007. Anna starfaði lengi hjá Evrópu unga fólksins og í framhaldi af því hjá Rannís. Hún er heiðursfélagi UMFÍ.

Anna var sæmd Heiðurskrossi ÍSÍ árið 2019.

Elsa Jónsdóttir (UMSK/FSÍ)

Elsa á að baki langan og farsælan feril í leiðtogastörfum fyrir íþróttahreyfinguna. Þar ber helst að nefna ómetanlegt framlag hennar til fimleikaíþróttarinnar en Elsa var í forystu Íþróttafélagsins Gerplu í áratug, á árunum 1983-1993, lengst af sem formaður fimleikadeildar en einnig eitt ár sem formaður félagsins. Hún sat einnig í stjórn Fimleikasambands Íslands í 10 ár, frá 1986-1996 og í stjórn Ungmennasambands Kjalarnesþings árin 1985-1989.

Elsa var sæmd Heiðurskrossi ÍSÍ árið 2015.

Guðmundur Harðarson (SSÍ/ÍSÍ)

Guðmundur var margfaldur Íslandsmeistari í sundi, var aðalþjálfari Sundfélagsins Ægis í 15 ár og sat í stjórn félagsins í 19 ár. Guðmundur sat í tækninefnd Smáþjóðaleikanna árin 2004–2017, í sundtækninefnd Sundsambands Evrópu 1998- 2016, gegndi formennsku í Samtökum forstöðumanna sundstaða á Íslandi 1995-1998 og átti sæti í sjóðsstjórn Afrekssjóðs ÍSÍ 1996-2014. Guðmundur var gerður að heiðursfélagi í Sundfélaginu Ægi 1987, heiðursfélagi Sundsambands Íslands 2017 og hlaut gullmerki ÍBR sama ár. Guðmundur hefur farið á sjö Ólympíuleika, þrenna sem þjálfari og ferna sem lýsandi fyrir RÚV.

Guðmundur var sæmdur Heiðurskrossi ÍSÍ árið 2017.

Magnús Jakobsson (FRÍ)

Magnús var formaður FRÍ 1989-1993 eftir að hafa setið í stjórn sambandsins frá 1968. Hann hefur starfað í fjölmörgum nefndum á vegum FRÍ á sínum leiðtogaferli. Magnús var sæmdur gullmerki UMFÍ árið 2001, heiðurskrossi FRÍ árið 1999 og gullmerki UMSK árið 2011. Magnús var heiðraður af Kópavogsbæ árið 2009 fyrir framúrskarandi starf að æskulýðsmálum í bænum og árið 2012 var hann útnefndur Eldhugi Kópavogs af Rótarýklúbbi Kópavogs. Árið 2015 varð Magnús fyrstur Íslendinga til að hljóta European Athletics Member Federation verðlaunin fyrir störf þín í þágu íþróttarinnar og hann er handhafi riddarakross hinnar íslensku fálkaorðu. Magnús var sæmdur Heiðurskrossi ÍSÍ árið 2010.

Sigríður Jónsdóttir (BSÍ/ÍSÍ)

Sigríður var kjörin í stjórn Badmintonsambands Íslands 1988 og var formaður þess frá 1990-1996. Hún var kjörin í framkvæmdastjórn ÍSÍ árið 1996 og átti samfellda 25 ára setu í stjórn ÍSÍ. Sigríður gegndi embætti varaforseta á árunum 1997-2006 og 2017–2021. Hún sat í Íþróttanefnd ríkisins fyrir hönd ÍSÍ um langt árabil. Sigríður sinnti fjöldamörgum ábyrgðarstörfum í íþróttahreyfingunni þann aldarfjórðung sem hún sat í stjórn sambandsins og sótti marga alþjóðlega viðburði sem fulltrúi ÍSÍ. Sigríður var sæmd Heiðurskross ÍSÍ árið 2021 og Gullstjörnu ÍBR sama ár.

Sveinn Áki Lúðvíksson (ÍF/BTÍ)

Sveinn Áki var formaður Íþróttasambands fatlaðra árin 1996-2017 eða samfelld í 21 ár. Hann hóf sinn leiðtogaferil innan borðtennisíþróttarinnar. Hann var fyrsti formaður borðtennisdeildar KR og þegar Borðtennissamband Íslands var stofnað árið 1972 var hann kjörinn fyrsti formaður sambandsins. Hann gegndi því embætti um árabil. Hann var kjörinn í varastjórn Íþróttasambands fatlaðra 1982 og síðar sem stjórnarmaður allt til ársins 1996 er hann var kjörinn formaður. Sveinn Áki hlaut barnamenningarverðlaun Velferðarsjóðs barna árið

2010 fyrir öflugt starf í þágu ungmenna. Sveinn Áki er handhafi riddarakross hinnar íslensku fálkaorðu.

Sveinn Áki var sæmdur Heiðurskrossi ÍSí árið 2017 og það sama ár var hann gerður að heiðursfélaga Íþróttasambands fatlaðra.

Þór Í. Vilhjálmsson (ÍBV og ÍSí)

Þór var fyrst kjörinn í stjórn Íþróttafélagsins Þórs í Vestmannaeyjum aðeins 17 ára gamall árið 1962 en síðar gegndi hann embætti formanns í félaginu árin 1985-1994. Hann sat í nefnd sem kom að stofnun ÍBV-Íþróttafélags og var kjörinn fyrsti formaður þess. Hann gegndi því embætti allt til ársins 2003. Þá tók hann að sér formennsku í Íþróttabandalagi Vestmannaeyja og var formaður bandalagsins allt til ársins 2016. Hann varð svo aftur formaður ÍBV-Íþróttafélags 2019-2022. Þór var í 16 ár í stjórn Íþróttamiðstöðvar Vestmannaeyja og hann hefur setið í vinnuhópi ÍSí um Ferðasjóð íþróttafélaga allt frá upphafi sjóðsins eða frá árinu 2007. Þór hlaut heiðurskross ÍBV á sjötugsafmæli sínu og Heiðurskross ÍSí árið 2017.